

**Ed.** **421. Frumvarp til laga** [213. mál]  
um breyting á lögum nr. 35 23. maí 1975, um breyting á lögum nr. 31 frá 1970, um dýralækna.

Flm.: Egill Jónsson, Sveinn Jónsson.

**1. gr.**

Í stað 16. töluliðar 1. gr. laganna komi tveir töluliðir, er hljóði svo (og breytist aðrir töluliðir laga nr. 31/1970 samkvæmt því):

16. Austurlandsumdæmi nyrðra: Norður-Múlasýsla að undanteknum Skeggja-  
staðahreppi og Vopnafjarðahreppi, Seyðisfjörður og Suður-Múlasýsla að mörk-  
um milli Skriðdalshrepps og Breiðdalshrepps og mörkum milli Eskifjarðar-  
kaupstaðar og Reyðarfjarðahrepps.
17. Norðfjarðarumdæmi: Mjóafjarðarhreppur, Neskaupstaður, Norðfjarðarhreppur,  
Helgustaðahreppur og Eskifjarðarkaupstaður.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Frumvarpið gerir ráð fyrir að á Austurlandi verði stofnað nýtt dýralæknisum-  
dæmi til viðbótar þeim sem fyrir eru.

Augljóst er, að miðað við samgöngur á Austurlandi og sívaxandi kröfur varðandi  
heilbrigðiseftirlit og dýralæknisstörf er hér um nauðsynjamál að ræða.

Fyrir liggja tilmæli frá sveitarstjórn Norðfjarðahrepps, Búnaðarsambandi  
Austurlands og Búnaðarþingi um flutning málsins og samþykkt þess á Alþingi.